



## Fundargerð 20. stjórnar AKÍS 2024-2025

**Staður og tími:** Zoom 22. október 2024 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Páll Jónsson (PJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

**Mættir varamenn:** Halldór Viðar Hauksson (HVH)

**Fjarverandi:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Valdemar Johnsen (VJ)), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP),

JPJ ritaði fundargerð.

### 1. Afreksmál

Á formannafundi er á dagskrá umræða um afreksstefnu.

Fjörugar umræður um málefnið og hvatti JPJ stjórnarfolk til þess að leggja höfuðið í bleyti og koma með hugmyndir að umræðuefnum fyrir næsta stjórnarfund.

Fundur með ÍSÍ var á föstudaginn þar sem ÍSÍ var að hvetja öll sérsambönd til að senda umsögn í samráðsgátt vegna afreksstarfs.

Umsögn var send inn í samráðsgátt á sunnudag. Sjá hér

[https://drive.google.com/file/d/13vSK1SivGzJZZlaDdTq2TFI1RDTRI6V4/view?usp=drive\\_link](https://drive.google.com/file/d/13vSK1SivGzJZZlaDdTq2TFI1RDTRI6V4/view?usp=drive_link)

### 2. Formannafundur

Eru einhver málefni sem stjórn vill bæta við dagskrá á formannafundi?

- Námskrá og námskeiðarhald. BH mun kynna málið.
- Torfæran 60 ára á næsta ári. Hvernig skuli fagna því?
- Samfélagsmiðlar keppnisliða.

Senda þarf dagskrá með seinna fundarboði sem fer til formanna þann 2 nóvember.

### 3. Starfsmannamál.

Málið var rætt frá fjölmörgum hliðum. Stjórn var sammála því að auka þurfi við starfshlutfall starfsmanns. BH falið að skoða hvert svigrúm sambandsins er til hækkunnar á starfshlutfalli starfsmann og skal horft til gildandi fjárhagsáætlunar.



Í framhaldi mun stjórn leggja til að starfshlutfall verði 100% á næsta fjárhagsári.

#### 4. Tilnefningar til akstursíþróttafólk ársins.

Skoða þarf hvernig túlkun á reglum um tilnefningar eru frá keppnisráðum. Þar sem hafa verið að koma ein tilnefning frá hverju keppnisráði en samkvæmt reglum má tilnefna fyrir hverja keppnisgrein.

Umræða var einnig um að laga þyrfti reglur almennt hvað varðar tímamörk tilnefninga og netkosningu.

#### 5. Önnur mál

- Innsend erindi

##### Til kynningar:

- Kynning um akstursíþróttir heimsókn frá grunnskóla - Jónsi segir frá.
- Breyting hefur á keppnisráði í Torfæru. Baldur Gísla er hættur í ráðinu fyrir hönd KK. Hekla gerir einnig breytingu á sínum manni út úr ráðinu fer Styrmir Grétarsson og hans stað tekur Guðbjörn Grímsson.

Næsti fundur verður 5. nóvember kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:59